

Kennsluáætlun í samfélagsfræði skólaárið 2020-2021

10. bekkur

Kennarar: Guðlaug Einarsdóttir og Anna Júlíusdóttir

Námsefni: Á ferð um samfélagið, ævisaga að eigin vali auk alls þess efnisviðs sem til fellur miðað við viðfangsefni hvers tíma.

Lykilhæfni: Samfélagsfræði koma inn á alla þætti lykilhæfni sem unnið er út frá samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla og Grunnskólanum í Þorlákshöfn: **Þrautseigja – skapandi og gagnrýnin hugsun – samskipti og samvinna – ábyrgð og sjálfstæði - tjáning og miðlun.**

Grunnþættir: Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex: **Læsi – sjálfbærni – lýðræði og mannréttindi – jafnrétti – heilbrigði og velferð - sköpun**

Tímabil	Hæfniviðmið Nemandi (geti):	Kennsluhættir	Viðfangsefni/efnistök	Námsgögn	Námsmat/afurð
Ágúst-sept.	<ul style="list-style-type: none"> • Þekki muninn á samfélagi og þjóðfélagi og skilji hvernig þeir sjálfir og samfélagið hafa áhrif hvort á annað. • Sýni skilning á þeim hlutverkum sem finna má í samfélögum. • Borið saman mismunandi samfélög í nútíð og þátíð. • Aflað sér, hagnýtt og metið upplýsingar um menningar og samfélagsmálefni. • Útskýrt mismunandi hugmyndir um lýðræði, rökstutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir heilbrigða sjálfsvitund og ábyrg sem borgari og neytandi. • Greint og fjallað um áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfmyndar. 	<ul style="list-style-type: none"> • Bein kenning • Lausnaleitarnám • Leitarnám • Hugstormun • Samvinnunám • Umræður og spurningar • Lesið, spurt og spjallað • Heimilda- og kvikmyndir 	<p>Hugtök:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Samfélög og hlutverk þeirra • Þjóðfélag • Félagsmótun • Barnavinna • Mansal • Vald • Gildi • Viðmið • Sjálfmynd <p>Nemendur vinna tvö verkefni:</p> <p>a) Ljósmyndaverkefni þar sem þeir fá lista af hugtökum úr kaflanum. Þeirra hlutverk er að taka myndir af einhverju sem þau telja að tákni hugtakið/orðið.</p> <p>b) Hópverkefni/viðtalsverkefni um hlutverk samfélaga.</p>	<p>Á ferð um samfélagið- Hvað er samfélag? Kafli 1</p> <p>Myndavélar</p> <p>Það sem leynist í umhverfinu</p>	<p>Virgni og ástundun-leiðsagnarmat</p> <p>Ljósmynda-maraþon – sjálfsmat/ Jafningjamat</p> <p>Hópverkefni- sjálfsmat/ Jafningjamat/ Kennaramat</p> <p>Ferilskrá – samþætt verkefni í ísl og samf. Leiðsagnarmat/ kennaramat</p>

	<ul style="list-style-type: none"> Fjallað um samfélagsleg og siðferðileg málefni. 				
september	<ul style="list-style-type: none"> Geti greint þær aðferðir sem farnar eru til að fá fólk til að hlýða reglum. Sýni fram á skilning á ólíkum siðum í heiminum. Aflað sér, hagnýtt og metið upplýsingar um menningar og samfélagsmálefni. 	<ul style="list-style-type: none"> Bein kennsla Lausnaleitarnám Leitarnám Hugstormun Samvinnunám Umræður og spurningar Lesið, spurt og spjallað Heimilda- og kvikmyndir 	<p>Hugtök:</p> <ul style="list-style-type: none"> Hnattvæðing Formleg viðmið Óformleg viðmið Óformlegt taumhald Formlegt taumhald Efnishygginga <p>Nemendur vinna eitt einstaklingsverkefni um helstu siði og venjur ólíkra samfélaga.</p> <p>Hæpið – fordómar 3. þáttur</p>	<p>Á ferð um samfélagið – Sinn er siður. Kafli 2</p> <p>Ýmsar heimildir</p>	<p>Virkni og ástundun - leiðsagnarmat</p> <p>Einstaklingsverkefni – kennaramat.</p> <p>Gagnapróf – sjálfsmat.</p>
október	<ul style="list-style-type: none"> Greint stöðu sína og hlutverk í samfélaginu. Hvaða þættir móta þá stöðu og að hve miklu leyti við ráðum henni sjálf. Sýni skilning á mikilvægi fjölmiðla sem bæði upplýsingagjafa og mótunaraðila. Geti greint hvaða aðilar í lífi okkar hafa helst áhrif á að móta okkur. Aflað sér, hagnýtt og metið upplýsingar um menningar og samfélagsmálefni. Útskýrt mismunandi hugmyndir um lýðræði, rökstutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir heilbrigða sjálfsvitund og ábyrgð sem borgari og neytandi. 		<p>Hugtök:</p> <ul style="list-style-type: none"> Félagsmótun Frummótun Síðmótun Staða Hlutverk Félagsleg hlutverk Sjálfsmynd Fyrirmyndir Formleg menntun Óformleg menntun Sjálfsræðisaldur Samfélagsmiðlar Heimsmynd <p>Nemendur vinna fjögur verkefni:</p> <p>a) Umfjöllun um ævisögu – einstaklingsverkefni</p> <p>b) Klípusögur um hlutverkaspennu - hópverkefni</p>	<p>Á ferð um samfélagið – Félagsmótun. Kafli 3</p> <p>Ævisaga að eigin vali</p> <p>Klípusögur</p> <p>Dægurlagatextar</p>	<p>Virkni og ástundun-leiðsagnarmat</p> <p>Ævisöguverkefni – jafningjamat/ Ástundun og virkni.</p> <p>Kennaramat</p> <p>Boðskapur dægurlagatexta sjálfsmat/jafningjamat kennaramat</p>

	<ul style="list-style-type: none"> • Greint og fjallað um áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmyndar. • Fjallað um samfélagsleg og siðferðileg málefni. • Greint og rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat. 		<ul style="list-style-type: none"> c) Persónuleg sérkenni/hópsérkenni einstaklingar/hópar d) Boðskapur dægurlagatexta – hópverkefni e) Félagsmótunaraðilar – einstaklingsverkefni 		
nóvember	<ul style="list-style-type: none"> • Geti tjáð hugsanir sínar, langanir og hugmyndir á skipulegan og víðeigandi hátt • Geti spurt rannsakandi spurninga, skipulagt eigin áætlun og endurskoðað ferli við efnistöð og úrvinnslu verkefna • Taki upplýsta afstöðu til gagna, geti dregið ályktanir og gefið þeim merkingu • Geti beitt gagnrýninni hugsun við mótun og miðlun viðfangsefnis • Taki frumkvæði í námi sínu, sýni sjálfstæði og ábyrgð í vinnubrögðum • Geri sér grein fyrir hvernig hann nýti styrkleika sína • Styrki sjálfsmynd sína • Geti rökrætt og greint stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu miðað við ákveðna starfsgrein • Sjái fyrir sér nýsköpunargildi og stefnumótun starfsgreinarinnar með tilliti til samfélagsbreytinga 	<ul style="list-style-type: none"> • Bein kennsla • Lausnaleitarnám • Leitarnám • Hugstormun • Samvinnunám • Umræður og spurningar • Lesið, spurt og spjallað • Heimilda- og kvikmyndir 	<p>Áhugasviðsverkefni – starfskynningar - einstaklingsverkefni.</p> <p>Í verkefninu felst að kynna sér ákveðna starfsgrein sem viðkomandi þykir áhugaverð, kynna sér upphaf hennar og þróun, hvað hefur haft áhrif á þá þróun og hvernig námsferli hennar er. Einnig á að búa til handrit og hanna umgjörð til áhugaverðrar kynningar og í kynningunni á að koma fram viðtal við einstakling sem vinnur við fagið.</p>	Fjölbreyttar heimildir	<p>Ástundun og virkni-leiðsagnarmat</p> <p>Sjálfsmat/ Jafningjamat kennaramat</p>

Nóv- des.	<ul style="list-style-type: none"> • Geti greint hvað felst í hugtakinu menning, hvað móti hana og hvernig hún mótar okkur. • Sýni skilning á neylusamfélaginu sem við búum í, mikilvægi sjálfbærrar þróunar og hvernig við getum spornað gegn matarsóun. • Geti greint hvaða þættir móta helst menninguna og hvaða munur er á menningu þróunarlanda og iðnvæddra landa. • sýnt fram á góðan skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf. • á skipulegan, sjálfstæðan og gagnrýninn hátt aflað sér, hagnýtt og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni. • Fjallað um samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum. • Greint stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat. • Röktutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir heilbrigða sjálfsvitund og ábyrgð sem borgari og neytandi. 	<ul style="list-style-type: none"> • Bein kennsla • Lausnaleytnám • Leitarnám • Hugstormun • Samvinnunám • Umræður og spurningar • Lesið, spurt og spjallað • Heimilda- og kvikmyndir 	<p>Hugtök:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Samfélag • Sjálfsmynd • Óiðnvætt ríki • Iðnvætt ríki • Heimsmynd • Neylusamfélag • Menning • Sjálfbær þróun • Matarsóun <p>Nemendur vinna tvö verkefni:</p> <p>a) hópverkefni um íslenska menningu, hvað er að vera Íslendingur og hvað við getum gert til að stuðla að sjálfbærri þróun jarðarinnar.</p> <p>b) Nemendur vinna saman í pörum. Hvert par velur sér einhverja vöru og kannar hversu auðvelt er að rekja framleiðsluferli hennar. Getum við keypt einungis Fairtrade- vörur ef við viljum og erum meðvituð? Er raunhæft að allt framleiðsluferli sé Fairtrade? Eru einhver fyrirtæki á Íslandi sem auglýsa sérstaklega að þau séu Fairtrade?</p>	<p>Á ferð um samfélagið – Menning og samfélag. kafli 4</p>	<p>Ástundun og virkni- leiðsagnarmat</p> <p>Menning og sjálfbærni hópverkefni – sjálfsmat/ Jafningjamat/ Kennaramat</p> <p>Fairtrade – paravinna Sjálfsmat/jafningjamat</p>
Desember			Kvikmyndaáhorf.		

janúar	<ul style="list-style-type: none"> Sýni skilning á hugtakinu ást, bæði sem tilfinningu en einnig út frá fræðilegri skilgreiningu. Sýni skilning á mikilvægi þess að stunda ábyrgt kynlíf með samþykki beggja aðila og einnig hvað kynferðisleg áreitni og ofbeldi fela í sér. Fjallað um samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum. Geti rökstutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir heilbrigða sjálfsvitund. 	<ul style="list-style-type: none"> Bein kennsla Lausnaleitarnám Leitarnám Hugstormun Samvinnunám Umræður og spurningar Lesið, spurt og spjallað Heimilda- og kvikmyndir 	<p>Hugtök:</p> <ul style="list-style-type: none"> Ást Kynheilbrigði Borgaraleg gifting Ábyrgt kynlíf Ástarsorg Klámvæðing Tví- eða fjölkvæni Nauðungarhjólaband Sameiginleg forsjá Skilnaður að borði og sæng <p>Nemendur vinna eftirfarandi verkefni:</p> <ol style="list-style-type: none"> Finndu svarið – nemendur svara nokkrum spurningum úr kaflanum. Klípusögur – hópvinna Bera saman innihald dægurlagatexta og tónlistarmyndbanda frá ýmsum tímum sem innihalda ást, kossa og kynlíf. Nemendur fá úthlutað ákveðnu tímabili í sögunni og eiga að kynna sér viðhorf til ástarinnar á hverju tímabili fyrir sig. 	<p>Á ferð um samfélagið – Gaman saman. Kafli 6</p> <p>Fáðu já – fræðslumynd</p> <p>Hæpið 1. Þáttur – um rómantík</p> <p>Kynfræðsluvefurinn</p> <p>Kjaftað um kynlíf – Sigga Dögg</p> <p>Upplýsingamyndband fyrir þolendur kynferðislegs ofbeldis á aldrinum 15-18 ára</p>	<p>Virgni og ástundun-leiðsagnarmat</p> <p>Hópverkefni – dægurlög og myndbönd – Sjálfsmat/jafningjamat og kennaramat.</p>
febrúar	<ul style="list-style-type: none"> Geti aflað sér upplýsinga um og greint á milli mismunandi trúarbragða, útbreiðslu þeirra, uppruna og sögu Geti aflað sér, greint og metið upplýsingar um samfélagsmálefni. geti rökstutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir heilbrigða 	<ul style="list-style-type: none"> Bein kennsla Lausnaleitarnám Leitarnám Hugstormun Samvinnunám Umræður og spurningar Lesið, spurt og spjallað Heimilda- og kvikmyndir 	<p>Hugtök:</p> <ul style="list-style-type: none"> Trú Náttúru trú Bókstafstrú Dýrkun Siðfræði Klerkaveldi Þjóðernishreinsanir Gullna reglan helgisiðir 	<p>Á ferð um samfélagið – Trúarbrögð Kafli 9</p> <p>Ýmsar heimildir</p>	<p>Ástundun og virkni-leiðsagnarmat Gagnapróf – sjálfsmat</p> <p>Stuttmynd – sjálfsmat/Jafningjamat og kennaramat</p>

	<p>sjálfsvitund og ábyrgð sem borgari og neytandi.</p> <ul style="list-style-type: none"> Fjallað um samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum. 		<p>Nemendur vinna eftirfarandi verkefni:</p> <ol style="list-style-type: none"> finndu svarið – nemendur svara nokkrum spurningum úr kaflanum. Nemendur gera stuttmynd um trúarbrögð. Gagnapróf 		
Febrúar-mars	<ul style="list-style-type: none"> Sýni skilning á hugtökunum viðmið og frávik í tengslum við skráðar og óskráðar reglur í samfélaginu. Sýni skilning á dóms- og réttarkerfinu á Íslandi og í öðrum löndum. Rökstutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir heilbrigða sjálfsvitund og ábyrgð sem borgari og neytandi. Fjallað um samfélagsleg og siðferðileg málefni Greint stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat. 	<ul style="list-style-type: none"> Bein kennsla Lausnaleitarnám Leitarnám Hugstormun Samvinnunám Umræður og spurningar Lesið, spurt og spjallað 	<p>Hugtök:</p> <ul style="list-style-type: none"> Formleg viðmið Óformleg viðmið Afbrot Frávíkshögðun Samfélagsþjónusta Réttarriki Skilorðsbundið fangelsi Ríkissaksóknari Héraðsdómur Ríkislögreglustjóri Hæstiréttur <p>Nemendur vinna eftirfarandi verkefni:</p> <ol style="list-style-type: none"> Finndu svarið – nemendur svara nokkrum spurningum úr kaflanum. Gagnapróf Tölfræði afbrota á Íslandi – almenn gagnaöflun og samanburður. Nemendur finna jafnframt eitt brot sem fer á öll dómsstig og fylgja málinu frá rannsókn til endanlegrar niðurstöðu eftir að dómur fellur. Atburðalína. 	<p>Á ferð um samfélagið – viðmið og frávik Kafli 10</p> <p>Myndbönd og verkefni um dómsvaldið eftir Stjórnlög unga fólksins</p> <p>Youtube rás Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu</p>	<p>Virgni og ástundun - leiðsagnarmat</p> <p>Gagnapróf – sjálfsmat</p> <p>Tvenndarvinna- afbrot á Íslandi Sjálfsmat/jafningjamat og kennarmat.</p>

Mars-apríl	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur þekki sögu Sameinuðu þjóðanna, hlutverk þeirra og stöðu í alþjóðasamfélagi. Sýni skilning á mannréttindasáttmálum og geti fjallað um mannréttindabrot sem eiga sér stað í heiminum. Þekki réttindi og skyldur barna á Íslandi og annars staðar. Fjallað um samfélagsleg og siðferðileg málefni Greint stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat. Aflað sér, hagnýtt og metið upplýsingar um menningar og samfélagsmálefni. Útskýrt mismunandi hugmyndir um lýðræði, rökstutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir heilbrigða sjálfsvitund og ábyrgð sem borgari og neytandi. 	<ul style="list-style-type: none"> Bein kennsla Lausnaleitarnám Leitarnám Hugstormun Samvinnunám Umræður og spurningar Lesið, spurt og spjallað 	<p>Hugtök:</p> <ul style="list-style-type: none"> Allsherjarþing SP Friðargæslusveitir SP Þjóðarréttur Lifandi lýðræði Neitunarvald Jafnrétti Tjáningarfrelsi Mannréttindi Alþjóðalögregla <p>Nemendur vinna eftirfarandi verkefni:</p> <ol style="list-style-type: none"> Gagnapróf Loftbelgurinn – réttindi og forgangsröðun – einstaklingsverkefni Globalis.is – átök í heiminum nú- Friðargæslusveitir SP/ Mannréttindasáttmálinn/ Mannréttindabrot – hópverkefni. 	<p>Á ferð um samfélagið – Alþjóðasamfélagið og mannréttindi Kafli 11</p> <p>Ýmsar aðrar heimildir</p>	<p>Ástundun og virkni – leiðsagnarmat</p> <p>Gagnapróf – sjálfsmat</p> <p>Loftbelgurinn – sjálfsmat</p> <p>Átök í heiminum – sjálfsmat/ Jafningjamat/ kennaramat</p>
apríl	<ul style="list-style-type: none"> Fjalli um unglingsárin og mótunarþætti þeirra. Sýni skilning á hve mikinn þátt rokk- og tónlistarsagan á í menningarlegri sköpun. Sýni fram á skilning á heimabyggð sinni og útskýri samhengi hennar við umhverfi, sögu, menningu, listir og félagsstarf. 	<ul style="list-style-type: none"> Bein kennsla Lausnaleitarnám Leitarnám Hugstormun Samvinnunám Umræður og spurningar Lesið, spurt og spjallað 	<p>Unglingar rokka – þemaverkefni um unglunga á ýmsum tímum. Þróun æsku- og unglungamenningar í tengslum við rokk- og tónlistarsögu Íslands – 1955 til okkar tíma. Varpa ljósi á hver snar þáttur rokk- og tónlistarsagan er í menningarlegri sköpun og þroskasögu kynslóða þessa tímabils. Þetta birtist ekki síst í erlendra fjöldamenningu, nýstárlegri framkomu, alþjóðlegri fatatísku,</p>	<p>Ýmsar heimildir.</p>	<p>Ástundun og virkni – leiðsagnarmat</p> <p>Þemaverkefni – sjálfsmat/jafningjamat/ Kennaramat/áhorfendammat</p>

	<ul style="list-style-type: none"> • Afli sér, hagnýti, ígrundi og meti upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni. • Geri sér grein fyrir hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismats í sögu. • Útskýri hvernig sjálfsmynd hans mótast af umhverfi og hugleiði og tjái hver hann er í augum sjálfs sín og annarra. • Vegi og meti áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmyndar 		málfarsbreytingum og nýjum samskiptanetum og samskiptamáta hverju sinni. Ný viðhorf og hugmyndir hafa myndast sem hafa haft áhrif í öllu samfélaginu á hverjum tíma fyrir sig.		
maí	<ul style="list-style-type: none"> • Fjallað um samfélagsleg og siðferðileg málefni • Greint stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat. • Aflað sér, hagnýtt og metið upplýsingar um menningar og samfélagsmálefni. • rökstutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir heilbrigða sjálfsvitund og ábyrgð sem borgari og neytandi. 	<ul style="list-style-type: none"> • Bein kennsla • Lausnaleitarnám • Leitarnám • Hugstormun • Samvinnunám • Umræður og spurningar • Lesið, spurt og spjallað 	Rannsóknarritgerð – samþætting við íslensku. Efnisval að eigin vali.	Ólíkar heimildir eftir viðfangsefni hvers og eins.	Virgni og ástundun – leiðsagnarmat Rannsóknarritgerð – Leiðsagnarmat

Birt með fyrirvara um breytingar – Guðlaug Einarsdóttir og Anna Júlíusdóttir